

Tryggingarsjóður
innstæðueigenda og fjárfesta
Ársreikningur
2006

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og

framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Innstæðudeild:	
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6

Skýringar	7
Verðbréfadeild:	
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999. Samkvæmt samþykktum sjóðsins starfar hann í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Við stofnun yfirtók sjóðurinn eignir og skuldbindingar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða. Samkvæmt lögum nr. 98/1999 sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir innstæðudeildar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði ekki í árslok 2006. Gert er því ráð fyrir að innheimta þurfi um 1.316 millj. kr. hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfi þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 657 millj. kr. Eignir sjóðsins voru í árslok í fjárvörslu skv. samningum þar um hjá Kaupþingi banka og Landsbanka Íslands. Fjárfestingarstefna sjóðsins er í meginatriðum þannig að óheimilt er að hafa vægi ríkisskuldabréfa lægra en 70% af vörslufé og er þá bæði átt við innlend og erlend ríkisskuldabréf. Lágmarksvægi innlendra skuldabréfa með ríkistryggingu skal vera 30%. Samsetning eigna var innan þessara heimilda í árslok. Á árinu 2006 voru innheimtar 14 millj. kr. vegna verðbréfadeildar. Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir deildarinnar nema að lágmarki 100 millj. kr. Í árslok nam eigið fé deildarinnar um 114 millj. kr. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort lánadeild verði stofnuð.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2007.

Stjórn:

Guðrún Þorleifsdóttir
Andri V. Sigurðsson
Haukur Þór Haraldsson

Hrefna Gunnarsdóttir
Margrét Sveinsdóttir
Halldór Þ. Halldórsson

Framkvæmdastjóri:

Jónas Þórðarson

STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðuneytinu 21. febrúar 2007.

Viðskiptaráðherra:

Jón Sigurðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006 og efnahag þess 31. desember 2006 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 21. febrúar 2007.

KPMG hf.

Sigurður Jónsson

Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2006 - innstæðudeild

	Skýr.	2006	2005
Tekjur:			
Framlög aðildarfyrirtækja		914.053.500	506.497.623
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		917.149.099	140.145.869
Aðrar tekjur		1.250.000	0
		<u>1.832.452.599</u>	<u>646.643.492</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		6.207.671	5.625.569
Annar rekstrarkostnaður		8.597.381	6.572.653
Umsýsluþóknanir og árangurstengdar þóknanir	3	15.616.991	10.407.231
Fjármagnstekjuskattur		70.951.456	32.904.224
		<u>101.373.499</u>	<u>55.509.677</u>
Tekjur umfram gjöld	5	<u><u>1.731.079.100</u></u>	<u><u>591.133.815</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006 - innstæðudeild

Eignir

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		41.181.729	15.202.341
Verðbréf	2,4	<u>6.845.835.016</u>	<u>5.105.283.931</u>
		<u>6.887.016.745</u>	<u>5.120.486.272</u>
Aðrar eignir:			
Aðrar kröfur		<u>628.208</u>	<u>741.396</u>
		<u>6.887.644.953</u>	<u>5.121.227.668</u>

Eigið fé og skuldir

		31.12.2006	31.12.2005
Skammtímaskuldir:			
Lánadeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka		0	1.250.000
Fjármagnstekjuskattur		69.413.914	39.121.171
Aðrar skammtímaskuldir		<u>19.205.518</u>	<u>12.910.076</u>
		<u>88.619.432</u>	<u>53.281.247</u>
Eigið fé:			
Eigið fé	5	<u>6.799.025.521</u>	<u>5.067.946.421</u>
		<u>6.799.025.521</u>	<u>5.067.946.421</u>
		<u>6.887.644.953</u>	<u>5.121.227.668</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir:

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
2. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
3. Þóknarir vegna fjárvörslu verðbréfaeignar innstæðudeildar sjóðsins námu á árinu samtals 56 millj. kr. Þar af námu viðskiptaþóknarir 40 millj. kr. en árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun námu 16 millj. kr. Viðskiptaþóknarir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Verðbréf:

4. Verðbréf greinast þannig:

	2006	2005
Innlend skuldabréf	3.283.058.556	2.786.100.410
Erlend skuldabréf	2.651.023.277	1.471.037.533
Erlend hlutabréf	911.753.183	848.145.988
	<u>6.845.835.016</u>	<u>5.105.283.931</u>

Eigið fé:

5. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2006	2005
Eigið fé 1.1. 2006	5.067.946.421	4.476.812.605
Tekjur umfram gjöld	<u>1.731.079.100</u>	<u>591.133.816</u>
Eigið fé 31.12. 2006	<u>6.799.025.521</u>	<u>5.067.946.421</u>

6. Sjóðurinn uppfyllir ekki skilyrði laga um heildareignir, en þær skulu að lágmarki nema 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna viðskiptabanka og sparisjóða á næstliðnu ári. Gert er því ráð fyrir að sjóðurinn þurfi að innheimta um 1.316 millj. kr. á árinu 2007 hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins og að auki þurfi þeir að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð 657 millj. kr.

Rekstrarreikningur ársins 2006 - verðbréfadeild

	Skýr.	2006	2005
Tekjur:			
Framlög aðildarfyrirtækja		14.324.520	20.000.000
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		21.302.211	5.244.205
		<u>35.626.731</u>	<u>25.244.205</u>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		127.980	127.135
Annar rekstrarkostnaður		178.261	145.150
Umsýsluþóknanir og árangurstengdar þóknanir		321.967	260.696
Fjármagnstekjuskattur		1.764.942	1.128.956
Skuldbinding vegna gjaldþrots aðildarfélags	6	5.356.228	3.230.000
		<u>7.749.378</u>	<u>4.891.937</u>
Tekjur umfram gjöld	5	<u><u>27.877.353</u></u>	<u><u>20.352.268</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006 - verðbréfadeild

Eignir

	Skýr.	2006	2005
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		39.052.843	22.394.142
Verðbréf	2,4	133.934.026	117.097.398
Aðrar kröfur		0	208.415
		<u>172.986.869</u>	<u>139.699.955</u>
Eignir samtals		<u>172.986.869</u>	<u>139.699.955</u>

Eigið fé og skuldir

		2006	2005
Skammtímaskuldir			
Fjármagnstekjuskattur		1.428.015	1.053.079
Skuldbinding vegna gjaldþrots aðildarfélags	6	57.377.813	52.230.000
Aðrar skammtímaskuldir		628.208	741.396
		<u>59.434.036</u>	<u>54.024.475</u>
Eigið fé			
Eigið fé	5	113.552.833	85.675.480
		<u>113.552.833</u>	<u>85.675.480</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>172.986.869</u>	<u>139.699.955</u>

Skýringar

Reikningskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
2. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.
3. Þóknarir vegna fjárvörslu verðbréfaeignar verðbréfadeildar sjóðsins námu á árinu samtals 6,3 millj. kr. Þar af námu viðskiptaþóknarir 6,0 millj. kr. en árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun námu 0,3 millj. kr. Viðskiptaþóknarir eru færðar til lækkunar á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en árangurstengdar þóknarir og föst umsýsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Verðbréf

4.

Verðbréf greinast þannig

	2006	2005
Innlend skuldabréf	64.230.770	64.005.694
Erlend skuldabréf	51.865.436	33.675.597
Erlend hlutabréf	17.837.820	19.416.107
	<u>133.934.026</u>	<u>117.097.398</u>

Eigið fé

5. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

	2006	2005
Eigið fé 1.1. 2006	85.675.480	65.323.212
Tekjur umfram gjöld	27.877.353	20.352.268
Eigið fé 31.12. 2006	<u>113.552.833</u>	<u>85.675.480</u>

Skuldbinding vegna gjaldþrots aðildarfélags

6. Í lok nóvember 2001 varð eitt af aðildarfélögum sjóðsins, Burnham International á Íslandi hf., gjaldþrota. Þrotabúið er enn til meðferðar hjá skiptastjóra og er ekki vitað hvenær skiptameðferð lýkur. Lýst var kröfum á hendur Tryggingarsjóði – verðbréfadeild að fjárhæð um 226,5 millj. kr. Hluti krafanna var afturkallaður og greiðsluskyldu vegna stærsta hluta annarra krafna hafnað en eftir standa kröfur að fjárhæð 57 millj. kr. að meðtöldum vöxtum, en gjaldfærsla ársins er ígildi áfallinna vaxta á höfuðstól. Telja verður sennilegt að verðbréfadeild Tryggingarsjóðs verði fyrir fjárútlátum vegna gjaldþrots félagsins.